



ÓGN, Ráðgátan um Dísar-Svan

söguþráður og lesskilningur

Seinna - örvænting **bls. 6**

Einhver hefur verið læstur inni í fylgsni eða fangaklefa.

Sá hinn sami veit ekki af hverju og reynir að kalla á hjálp. Enginn kemur til aðstoðar.

Fyrsti dagurinn **bls. 7**

Svandís hefur flutt með fjölskyldu sinni norður í land og byrjar þar í nýjum skóla. Í kaflanum er lýsing á fyrsta skóladeginum, kynning á sögupersónum og staðháttum.

Til minnis: Svandís er í skóla úti á landi sem í eru 60 nemendur. 11 nemendur eru á unglíngastigi. Sylvía segir Svandísi að hún og Brjánn tvíburabróðir hennar búi ekki hjá foreldrum sínum.

Spurningar:

- a. Af hverju er Svandís ekki sátt við ákvörðun foreldra sinna?
- b. Hvað heita tvíburasystkinin og hvernig líta þau út?
- c. Af hverju fær Svandís sting í hjartað við að horfa á Fjólu?
- d. Hverjir búa í næsta húsi við fjölskyldu Svandísar?
- e. Í hvernig skóla er Svandís?

Svör:

- a. Svandís er ósátt við þá ákvörðun foreldra sinna að flytja ekki fyrr um haustið sem varð til þess að hún missti af skólabyrjuninni.
- b. Tvíburasystkinin heita Sylvía og Brjánn. Sylvía er með sítt ljóst hár og ljósblá augu. Brjánn er rauðhærður og freknóttur.
- c. Fjóla minnir Svandísi á Láru vinkonu hennar sem hún saknar.
- d. Amma og afi Svandísar búa við hliðina á fjölskyldu Svandísar.

- e. Svandís er í grunnskóla sem staðsettur er í fámennu sveitarfélagi. Einungis 60 nemendur eru við skólann og þar af 11 í unglingadeild þar sem bekkjunum er kennt saman.

Dularfullur hestur

bls. 14

Svandís er í herberginu sínu að semja tónlist. Mamma biður hana um að passa Arnór bróður hennar. Þau fara í göngutúr upp að vatni til að tína ber. Þar hitta þau Brján sem sýnir Svandísi dularfullan hest. Amma Svandísar trúir á álfa og í kaflanum er þjóðsaga af huldufólki.

Til minnis: Svandís fylgist með ketti fyrir utan herbergisgluggann. Hann er gráleitur, nánast svartur, hálf ræfilslegur flækingsköttur. Grár villihestur er við vatnið sem gæti verið hættulegur.

Spurningar:

- Af hverju kallar Lára Svandísi tónlistarvinkonu sína?
- Hvað er, samkvæmt ömmu, svona sérstakt við fjöllin og klettana við vatnið?
- Hvað sjá Svandís og Brján við vatnið og hvað er sérstakt við það sem þau sjá?

Svör:

- Af því að þær kynntust í tónlistarskólanum þar sem þær voru báðar að læra á þverflautur.
- Amma segir að í klettunum búi huldufólk eða álfar. Þar séu fjölmennustu álfheimar á Íslandi.
- Svandís og Brján sjá hest við vatnið. Það er villihestur sem Brján segir að geti verið hættulegur. Hann segir henni að þeir sem fari á bak þeim geti horfið sporlaust.

Urðarkettir og skuggabaldrar

bls. 21

Kaflinn byrjar á því að Svandís fær martröð þar sem hún er stödd inni í myrkvuðum göngum. Það er sunnudagsmorgunn og í hádeginu er fjölskyldunni boðið í mat til ömmu og afa. Amma segir Svandísi frá kynjaskepnunum, skuggabaldri og urðarketti. Amma segir álfasögu um Drífu álfastelpu og bóndadóttur.

Til minnis: Drífa gaf bóndadóttur svartan silkipoka. Í honum voru tveir litlir, svartir, sléttir steinar, lítill silfurlykill og útsaumaður silkiklútur.

Spurningar:

- a. Hvað kom fyrir Svandísi sem tengist lyftu?
- b. Hvað er skuggabaldur?
- c. Hvað er urðarköttur?

Svör:

- a. Svandís lokaðist inni í lyftu í tónlistarskólanum vorið áður. Hún þurfti að bíða eftir hjálp og fékk innilokunarkennd.
- b. Skuggabaldur er skrímsli sem líkist helst tófu. Hann leggst oft á sauðfé og drepur lömbin og veldur miklum usla.
- c. Urðakettir eru stór kattarkvikindi sem sagt er að séu með rauð augu og augnaráðið geti verið banvænt. Þeir hverfa niður í jörð þremur dögum eftir að þeir fæðast og hafast þar við í þrjú ár en koma þá upp aftur, umbreyttir í þessi óargardýr.

Fyrr - saga sveitastráks. I. hluti

bls. 26

Í þessum fyrsta hluta er sagt frá strák sem er vinnumaður á sveitabæ. Hann er staddur uppi á fjalli við fjárrekstur. Hundurinn Sámur er með honum og forystukindin Fora fer fyrir hópnum. Hann hefur grun um að Rósa, stúlkan á næsta bæ, sé hrifin af honum en hann er ekki spenntur fyrir henni. Hann sér hana tilsýndar. Hún veifar ákaft til hans en hann hunsar hana og heldur áfram.

Sparikaffi úr rósabolla

bls. 28

Svandís er í eldhúsinu hjá ömmu. Amma spáir fyrir framtíð fólks í spil og bolla. Hún hefur gaman af því að baka og elda og spila á spil. Hjá ömmu fær Svandís stundum sparikaffi en það er drykkur sem inniheldur smá kaffi, mikla mjólk og sykur. Svandís spyr ömmu um villihestinn við vatnið og amma segir henni frá nykrum. Bróðir ömmu var numinn á brott af nykrum þegar hann var einungis 18 ára gamall.

Til minnis: Nykur getur hlaupið hratt og öskrað hátt. Ef maður nefnir orðið, nykur, svo að hann heyrir fer hann beint ofan í vatnið og tekur þá þann sem er á baki honum með sér.

Rósótti bollinn hennar ömmu er gjöf frá vini.

Spurningar:

- a. Hvað er sparikaffi?
- b. Hvað er nykur?
- c. Hvað merkja öskrin í nykrum?
- d. Hvað getur gerst ef maður fer á bak nykri eða nefnir orðið nykur?
- e. Hvernig er hægt að þekkja nykra frá venjulegum hestum?

Svör:

- a. Sparikaffi er kaffiblanda sem Svandís fær einungis hjá ömmu. Í kaffiblöndunni er smá kaffi, mikil mjólk og sykur.
- b. Nykur er kynjaskepna sem líkist hesti. Stundum sjást nykrar á landi en aldrei langt frá einhverju vatni. Þeir búa í vötnum, eru sterkir og geta öskrað hátt og skerandi.
- c. Sumir segja að öskrin í nykrum séu fyrirboði válegra atburða þ.e. hörmunga.
- d. Sá sem fer á bak nykri getur fest við hann og ekki komist af baki. Nykurinn á það þá til að hlaupa af stað og stinga sér ofan í vatnið og þá er ekki víst að knapinn komist til baka. Eins er með það ef orðið nykur er nefnt svo skepnan heyrir. Þá fara þeir beinustu leið ofan í vatnið og geta tekið þá sem nálægir eru með sér.
- e. Hófarnir á nykri eru öðruvísi en á venjulegum hesti. Neðan á þeim er eins konar skál sem hesturinn notar til að synda með og í fljótu bragði lítur út fyrir að hófarnir snúi öfugt.

Einlitur skólastjóri en regnbogakennari

bls. 33

Svandís sér Björgu skólastjóra inni á skrifstofu en stuttu síðar er hún líka inni í kennslustofunni og henni finnst það dularfullt. Ragnar kennari hrósar Svandísi fyrir framan bekkinn. Magna er leiðinleg við Svandísi og skrifar á blað að hún sé kennarasleikja en Fjóla kemur Svandísi til varnar.

Spurningar:

- a. Hvaða slæmu minningar á Svandís um gamla skólann?
- b. Hvað er ólíkt með Ragnari kennara og Björgu skólastjóra?

Svör:

- a. Stelpurnar í gamla skólanum tóku hana fyrir og stríddu henni.
- b. Fatastill Ragnars og Björgu er ólíkur og líka hvernig þau kenna.

Seinna - uppgjöf

bls. 38

Sá sem er læstur inni finnst tíminn lengi að líða og vonleysið hellist yfir hann. Hægt er að fylgjast með tímanum með því að rispa eitt strik í vegginn á hverjum degi .

Álfheimar

bls. 40

Svandís gengur upp að vatninu. Þar fylgist hún með hestunum eða nykrunum. Hún sofnar og hana dreymir draum. Álfkona kemur til hennar og segir henni að hún þekki ömmu hennar. Hún biður hana um að gera sér greiða. Þegar Svandís kemur heim sér hún köttinn í skemmunni og gefur honum að éta.

Til minnis: Tveir nykrar eru við vatnið. Annar er stór og dökkgrár en hinn er minni og svartur á lit.

Spurningar:

- a. Hvað biður álfkonan Svandísi að gera?
- b. Af hverju náði Svandís ekki að tala við ömmu?

Svör:

- a. Álfkonan biður Svandísi um að finna poka sem Drífa gaf ömmu Svandísar þegar þær voru litlar stelpur.
- b. Það var gestur hjá ömmu sem var kominn til að láta spá fyrir sér og þá vill amma ekki láta trufla sig.

Fyrr - saga sveitastráks. II. hluti

bls. 45

Rósa veifar áfram til hans og hann ákveður að ganga til hennar. Hún bendir honum á lamb sem hefur fest framfót í sprungu. Hann losar lambið og tekur það í fangið. Þegar hann ætlar að þakka Rósu sér hann að þetta er ekki hún. Þetta er allt önnur stúlka og hann horfir dolfallinn í falleg augu hennar og finnur að eitthvað hefur breyst.

Svarti silkipokinn

bls. 47

Svandís er ein heima og situr við tölvuna og heldur áfram að semja lagið sitt. Hún ákveður að opna gamla kistu en þegar það tekst ekki fer hún með hana niður í kaffihúsið, sem verið er að standsetja, til að opna hana þar. Kistan eyðileggst en Svandís finnur svartan silkipoka. Hún fer með draslið út í skemmu og sér þar gráa köttinn. Svandís segir Láru frá öllu saman og spilar fyrir hana lagið sem hún er að semja.

Til minnis: Svarti silkipokinn er dreginn saman með silfurborða. Í pokanum eru tveir svartir steinar, ljósgulur vasaklútur með blúndukanti og silfurlykill.

Spurningar:

- a. Hvað er í kistunni annað en svarti silkipokinn?
- b. Hvernig lýsir Lára nýja laginu hennar Svandísar?

Svör:

- a. Í kistunni eru gömul föt og allskonar dót. Svart pils, þvæld ullarpeysa, ullarsjal og stakur útrjónaður rósavettlingur. Einnig eru í kistunni nokkrar bækur og kassi með litríkum tölum.
- b. Lára segir að lagið gæti verið hluti af aðalstefi í kvikmynd sem gerist í álfheimum.

Hjartsláttur

bls. 53

Í skólanum er haldið opið hús fyrir nemendur á unglingastigi. Svandís spjallar við Brján og segir honum frá upplifun sinni af álfheimum og svarta silkipokanum. Það kemur í ljós að Brjánn þekkir til álfheima. Svandís og Brjánn leiðast í rútunni á leiðinni heim.

Til minnis: Brjánn fann strax að það voru einhver tengsl á milli hans og Svandísar.

Spurningar:

- a. Af hverju gafst Svandís upp á að hlusta á tónlistina inni í sal?
- b. Hvaða stund finnst Svandísi hafa verið besta stund lífs hennar?

Svör:

- a. Tónlistin var svo hávær og henni líkaði hún ekki.

- b. Þegar hún situr í rúttunni við hliðina á Brjáni og þau haldast í hendur.

Seinna - von

bls. 57

Tíminn er lengi að líða í fangaklefanum og einhverjir dagar eru liðnir frá því að viðkomandi var lokaður inni. Hann fer að syngja upp hátt og þá er sungið á móti. Þarna inni er ekki hægt að tala saman en það er hægt að syngja án þess að fangaverðirnir heyri.

Kaffihúsið

bls. 59

Í kjallara hússins hefur mamma látið útbúa kaffihús og nú er haldið opunarhóf og öllum sveitungum boðið. Óvæntur gestur birtist í lok dags og biður um gistingu.

Til minnis: Inn kemur maður í dökkum, síðum frakka og með hatt. Hann er lágvaxinn og undan hattbarðinu glittir í rytjulegt, grátt hár og grátt skeggið lafir niður á maga.

Spurningar:

- a. Hvað vill maðurinn með svarta hattinn?
b. Af hverju varð Svandís leið þegar vinir hennar fóru?

Svör:

- a. Maðurinn með svarta hattinn biður um gistingu.
b. Svandís varð leið þegar vinir hennar fóru án þess að kveðja.

Hattur og skegg

bls. 64

Svandís hjálpar mömmu með morgunverðinn í kaffihúsinu og þar snæðir gráhærði maðurinn morgunverð. Henni finnst eitthvað óþægilegt í fari þessa manns. Svandís fer yfir til Sylvíu og Brjáns og fær nýjar upplýsingar um þau. Á leiðinni heim hleypur Brjann Svandísi uppi og segir henni meira af álfheimum og frá sjálfum sér.

Til minnis: Sylvía og Brjann koma úr álfheimum. Þau eru í fóstri hjá góðu fólki í sveitinni sem þau kalla ömmu og afa. Það eru erfiðleikar hjá huldufólkinu í álfheimum.

Spurningar:

- a. Hvað er maðurinn í svarta frakkanum að gera fyrir utan húsið?

- b. Hvernig bregst Svandís við þegar Brjálln segir henni að hann komi úr álfheimum?

Svör:

- a. Maðurinn í svarta frakkanum horfir inn um brotnu gluggana á skemmuni og það er eins og hann sé að leita að einhverju.
- b. Hún trúir honum ekki og fer að hlæja.

Fyrr - saga sveitastráks. III. hluti. **bls. 71**

Hann er ástfanginn af stúlkunni sinni og hittir hana uppi í fjalli þegar hann á lausa stund.

Langur skóladagur **bls. 73**

Svandís sefur yfir sig en nær skólabílnum á síðustu stundu. Sýlvía og Brjálln mæta ekki í skólann en maðurinn með svarta hattinn er staddur í skólanum. Björg skólastjóri kynnir Svein og segir hann mikinn skólamann og vin sinn. Eftir skóla passar Svandís Arnór litla bróður sinn og um kvöldið eiga hún og mamma hennar notalega stund saman. Svandís fær skilaboð frá Sýlvíu um að eitthvað sé ekki í lagi.

Til minnis: Björg skólastjóri og Sveinn hinn grái eru vinir.

Spurningar:

- a. Af hverju finnst Svandísi skóladagurinn langur?
- b. Hvað heldur Svandís að Sveinn hafi verið að gera í skólanum?

Svör:

- a. Vinir hennar mættu ekki í skólann og henni fannst undarlegt að Sveinn hafi komið í skólann.
- b. Svandís heldur að Sveinn hafi verið að leita að Brjáni og Sýlvíu.

Hvarf Brjáns **bls. 78**

Sýlvía og Brjálln hafa ekki mætt í skólann í tíu daga. Útskýringin sem Svandís fær er að þau séu með flensu en hana grunar að eitthvað annað sé í gangi. Sýlvía mætir að lokum í skólann og nær að segja Svandísi að Brjálln sé horfinn.

Til minnis: Einhvern veginn er Svandís flækt í það sem er að gerast í álfheimum. Einhverjir fylgjast með þeim.

Spurningar:

- a. Hvað gerir Sveinn hinn grái í skólanum?
- b. Af hverju skipta stelpurnar um úlpur þegar þær fara úr skólanum?

Svör:

- a. Sveinn fylgist með í skólanum. Hann stendur úti í horni og horfir á nemendur.
- b. Svandís er hrædd um að Sveinn tengist hvarfi Brjáns og vill ekki að hann sjái Sylvíu.

Fyrr - saga sveitastráks. IV. hluti **bls. 83**

Stúlkan sem hann er ástfanginn af er úr álfheimum. Hún leyfir honum að sjá inn í álfheima og gefur honum kost á því að slíta sambandi þeirra. Hann ákveður að fara aftur til hennar.

Bókstafir á silfurlykli **bls. 85**

Lára kemur í heimsókn til Svandísar nokkrum dögum fyrir áramót. Kvöldið áður hafði Sylvía komið til Svandísar með skilaboð úr álfheimum. Lára og Svandís finna út að það eru bókstafir á silfurlyklinum. Þær reyna að ráða í dulmálið en tekst það ekki.

Til minnis: Sveinn hinn grái er sísnúðrandi. Hann fær far með pabba og stelpunum úr bænum.

Spurningar:

- a. Hvernig nær Svandís að þrifa svertuna af silfurlyklinum?
- b. Hvað býður pabbi upp á í eftirmiðdaginn?

Svör:

- a. Með tannkremi og pappír.
- b. Pabbi bakar pönnukökur og býður upp á pönnukökur með þeyttum rjóma og jarðarberjasultu.

Fyrr - saga sveitastráks. V. hluti

bls. 92

Það er komið að því að taka lokaákvörðun um samband hans og stúlkunnar hans. Hún treystir sér ekki til að koma í hans veröld og vill ekki bíða hans í heilt ár. Hann tekur að lokum þá ákvörðun að fylgja henni inn í álfheima.

Dísar-Svanur

bls. 94

Lára og Svandís fara yfir til ömmu. Svandís segir ömmu allt það sem hún veit um dularfulla málið tengt álfheimum og sýnir henni gjafirnar. Amma segir Láru og Svandísi frá skuggafólkinu og þær ná í sameiningu að ráða dulmálið. Svandís og Lára fara út í skemmu og gefa kisa að éta. Svandís verður mjög hissa að sjá hvað kisi er hrifinn að Láru.

Til minnis: Orðin á silfurlyklinum eru: Er gull sáldra op stóð kletta vé ljós söngur ár koma upphaf ok dísar svanur. Takmark skuggafólksins er að ná yfirráðum í álfheimum.

Spurningar:

- a. Hvernig eru tengsl álfa og manna samkvæmt ömmu?
- b. Af hverju er skuggafólkið reitt og afbrýðisamt út í álfana?

Svör:

- a. Álfar hafa fylgt mönnum frá örófi alda og í gegnum tíðina hefur samband álfa og manna yfirleitt verið farsælt. Álfar hafa komið mönnum til hjálpar og mennirnir hafa líka aðstoðað álfana.
- b. Skuggunum sárnaði vinátta álfa og manna og þeir þoldu ekki hvað mannfólki og álfum fannst lítið til þeirra koma. Afbrýðisemi, öfund og reiði hefur fengið að malla með skuggafólkinu langa lengi.

Seinna - léttir

bls. 101

Hann sem er í haldi gráa fólksins tilheyrir álfheimum. Gráa fólkið heyrir hvorki né skynjar söng. Á næturnar syngjast fangarnir á og færa fréttir á milli. Örlög fanganna eru í höndum persónu úr mannheimum.

Svandís og Lára fara út í skemmu með mat handa kisa. Hann malar og nuddar sér upp við Láru. Sveinn kemur inn í skemmuna. Stelpurnar slökkva á vasaljósunum og ná að fela sig á meðan Sveinn snuðrar í skemmunni. Um nóttina reynir einhver að komast inn í herbergi Svandísar og þær halda að það sé Sveinn. Stelpurnar vakna og horfa á norðurljósinn í gegnum herbergisgluggann. Svandís uppgötvar hvaða verkefni bíður hennar. Í draumi kemur Drífa til Svandísar og segir henni frá gulldufti sem hún þurfi að finna áður en að verkefninu komi.

Til minnis: Stelpurnar þurfa að finna gullduft sem er falið í gömlu kistunni.

Spurningar:

- a. Hvað halda stelpurnar að Sveinn hafi verið að gera úti í skemmu?
- b. Hvað vakti stelpurnar um miðja nótt?

Svör:

- a. Stelpurnar halda að Sveinn sé að njósna fyrir skuggafólkið og hafi verið að leita að einhverju í skemmunni.
- b. Þrusk við herbergisdýrnar vakti stelpurnar og það var einhver að reyna að komast inn til þeirra.

Skuggafólkið

Þegar Svandís og Lára koma niður í morgunmat er Skemmukisi inni í eldhúsi. Mamma hafði hleypt honum inn um morguninn. Hann fer strax til Láru og er greinilega búinn að ákveða hverjum hann tilheyrir. Stelpurnar fara yfir til Sylvíu og hún segir þeim að Sveinn komi frá samfélagi skuggafólksins. Hún segir þeim líka að það sé skuggafólkið sem haldi álfabörnunum föngrum í dýflissum í álfheimum. Sylvía færir Svandísi skilaboð frá Brjáni sem bíður hana um að vera ekki hrædda við nykrana við vatnið og treysta þeim.

Til minnis: Langoftast hefur álfum og mönnum samið vel og það líkar skuggafólkinu ekki. Skuggafólkið hefur náð völdum í álfheimum og vill síðar einnig ná völdum í mannheimum.

Spurningar:

- a. Hvað er ólíkt með skuggafólki og mannfólki?

- b. Heldur Sýlvía að Svandís þurfi að óttast Skemmukisa? Af hverju?

Svör:

- a. Skuggafólkið er grárri á hörund og hárið er annaðhvort svart eða grátt. Það gengur einungis í litlausum fötum, gráum, hvítum eða svörtum. Skuggafólk heyrir hvorki söng né tónlist og sér mannfólk ekki í myrkri.
- b. Nei, Sýlvía heldur að Skemmukisi sé meinlaus en gæti haft það hlutverk að hjálpa og vernda.

Seinna - trú

bls. 113

Það styttist í björgun álfabarnanna en samkvæmt gömlum munnmælasögum mun stúlka úr mannheimum frelsa álfabörnin undan illum öflum. Í frásögninni kallast bjargvætturinn Dísar-Svanur.

Á leið til álfheima

bls. 114

Síðasti dagur ársins er runninn upp og ævintýri bíður Svandísar og Láru. Þær fundu gullduftið í ruslinu sem var inni í skemmu. Orðin á silfurlyklinum passa við lagið sem Svandís samdi og þær taka það upp og geyma upptökuna í síma Svandísar. Svandís fer inn í álfheima til að frelsa Brján og fleiri álfabörn. Hún þarf að leysa þrautir í álfheimum og gjafirnar geta nýst henni við það.

Til minnis: Í áramótaboðinu afþakkar Sveinn eftirréttinn og segist hálfslappur. Hann afsakar sig við mömmu og pabba og segist ætla að leggja sig.

Spurningar:

- a. Hvernig fer Svandís að því að muna öll orðin á silfurlyklinum?
- b. Hvað virðist skipta pabba mestu máli um áramótin?

Svör:

- a. Svandís man orðin með því að syngja þau og orðin passa við lagið sem hún samdi.
- b. Flugeldasýningin og áramótabrennan virðist skipta pabba mestu máli.

Fyrr - saga sveitastráks. VI. hluti

bls. 120

Hann biður nykrana um að koma til sín og hvíslar að þeim hvað gerist næstu daga. Það er langt um liðið frá því að grái nykurinn flutti hann til álfheima. Hann sá ekki eftir þeirri ákvörðun að fylgja ástinni sinni þó að sorg foreldra hans og systur hafi verið óbærileg. Hann hefur lagt sitt af mörkum til að reyna að aflétta ógnarstjórn skugganna og bíður komu stúlkunnar með svansnafnið.

Ævintýri um áramót

bls. 122

Svandís og Lára eru komnar upp að vatninu. Skemmukisi slóst í för með þeim og þau Lára koma sér fyrir í bátaskýlinu. Svandís fer með nykrinum niður í vatnið og inn í álfheima.

Spurningar:

- a. Hvernig ætlar Lára að halda á sér hita í bátaskýlinu á meðan hún bíður?
- b. Hvernig kemst Svandís til álfheima?

Svör:

- a. Lára tók með sér frostþolinn svefnþoka og einnig gashitara til að hita upp bátaskýlið.
- b. Svandís fer á bak nykri sem kafar með hana ofan í vatnið og inn í álfheima.

Seinna - sorg

bls. 125

Brjann segir frá því hvernig hann, ásamt Sylvíu systur hans, flúðu álfheima og fóru í felur í mannheimum. Hann horfði á Skugga, foringja skuggafólksins, stinga Kormák álfakonung með hníf í brjóstakassann. Eftir það tóku skuggar þau álfabörn sem þeir náðu og lokuðu inni í dýflissum og drottнуðu yfir álfheimum.

Skuggi

bls. 128

Svandís gengur af stað í álfheimum og leitar að dýflissunum þar sem hún veit að Brjáni er haldið föngnum. Maður grípur í hana og ýtir henni út í horn. Þaðan sér hún skuggafólkið og Skugga sjálfan. Skuggarnir hafa áttað sig á því að óboðinn gestur úr mannheimum hefur komist inn í álfheima.

Til minnis: Frá silkiklútnum stafar daufri birtu og hægt er að nota klútinn í stað vasaljóss.

Gullduftið hjálpar Svandísi að velja réttu leiðina inni í álfheimum.

Spurningar:

- a. Að hvaða upplýsingum kemst Svandís á meðan hún situr falin í útskotinu?
- b. Hvað gerir Svandís til að rata rétta leið?
- c. Hvaða hljóð framkallar skuggafólkið til að hylla Skugga, foringja þeirra?

Svör:

- a. Svandís kemst að því að skuggarnir hafa náð Sylvíu.
- b. Hún byrjar að syngja og einhverjir syngja á móti henni og vísa henni veginn.
- c. Skuggarnir gefa frá sér hálfgerð klapphljóð sem er mótað með því að smella tungunni upp í góm og hylla með því Skugga.

Seinna - vonbrigði

bls. 135

Sylvíu er hent inn í sama fangaklefa og Brjann er í. Hann sönglar til hennar og lætur hana vita að þau geti sungist á því skuggarnir heyri ekki sönginn. Sylvía segir Brjáni frá því hvernig skuggarnir náðu henni.

Sár sannleikur

bls. 137

Svandís fer með gamla, sköllótta manninum inn um þröngt op og inn í sal. Maðurinn er glaður og fullur bjartsýni vegna þess að Svandís er komin í álfheima. Hún spyr hann hvort hann sé Kalli ömmubróðir hennar og hann játar því. Kalli segir Svandísi sögu sína.

Til minnis: Skuggar sjá ekki mannfólk í myrkri en þeir sjá álfa.

Spurningar:

- a. Af hverju er Kalla og Svandísi óhætt að tala saman inni í salnum hans Kalla?
- b. Af hverju var Svandísi falið verkefni í álfheimum?
- c. Hvað verður til þess að Svandís áttar sig á því hver gamli maðurinn er?

Svör:

- a. Af því að álfunum hefur tekist að vernda þetta svæði fyrir skuggunum.
- b. Gamlar sagnir segja frá stúlku úr mannheimum sem kemur álfum og huldufólki til bjargar. Nafn stúlkunnar tengist svönum. Amma Svandísar og Drífa álfadrottning kynntust þegar þær voru litlar stelpur og eru bestu vinkonur.

c. Svandís sér samskonar rósabolla og bollann hennar ömmu í skápnunum hjá Kalla. Þá áttar hún sig á því að hann líkist ömmu hennar.

Drottningasystur

bls. 143

Svandís fer yfir allt sem hún veit með Kalla og spilar fyrir hann upptökuna af laginu. Hann verður frá sér numinn af öllum undirbúningnum. Aðstoðarfólk kemur til sögu og Svandís verður hissa á sjá Ragnar kennara með drottningasystrunum, Drífu og Söldísi. Ragnar segir Svandísi frá skrímslum og kynjaskepnunum. Kalli segir Svandísi að Skemmukísi sé kötturinn hans og hann hafi sent hann til að vakta hana og vernda.

Til minnis: Svandís límur lykilinn og steinana tvo á magann undir peysunni. Boxið með gullduftinu saumar hún fast innan á buxustrenginn.

Spurningar:

- a. Hvað vaktar útgönguleiðirnar fyrir skuggana?
- b. Hvaða kynjaskepnur eru hliðhollar álfum og huldufólki?
- c. Hvaða skrímsli eða kynjaskepnur eru taldar upp í kaflanum?

Svör:

- a. Kynjaskepnurnar vakta útgönguleiðirnar.
- b. Til dæmis nykrarnir og urðarkettir.
- c. Nykrar, urðarkettir, fjörulalli, skeljaskrímsli, fýluskrímsli, skoffin og moðyrmi.

Seinna - eftirvænting

bls. 149

Brjánn og Sýlvía vita að björgun er á leiðinni og stundin nálgast óðfluga.

Frumflutningur

bls. 151

Svandís og Kalli nálgast dýflissurnar. Svandís spilar lagið sitt og álfabörnin taka undir.

Spurningar:

- a. Hvað gerist þegar göngin þrengjast og Svandís og Kalli þurfa að skriða á fjórum fótum?
- b. Hvað sér Svandís fyrir sér í huganum þegar hún hlustar á tónlistina?

Svör:

- a. Svandís fær kvíðakast og finnst hún ekki geta komist lengra.
- b. Svandís sér fyrir sér blá augu Brjáns.

Dýflissur

bls. 155

Þegar þau eru komin alla leið að dýflissunum snýr Kalli við en Svandís heldur ein áfram. Þegar hún er komin að fangaklefunum er hún tekin höndum af skuggunum og sett inn í einn fangaklefan. Svandís heyrir að Brjann og Sylvía eru í næsta klefa. Björg skólastjóri kemur ásamt nokkrum skuggum inn til Svandísar.

Til minnis: Björg skólastjóri er skuggi.

Spurningar:

- a. Hvað gera álfabörnin þegar skuggarnir ná Svandísi og hvað haldið þið að það merki?
- b. Hvað stendur skrifað á vegg fangaklefans? Hvað haldið þið að það merki?

Svör:

- a. Álfabörnin halda áfram að syngja lag Svandísar til merkis um stuðning við hana.
- b. Á veggnum stendur: Hulda er ofar bjargi. Svandís veit ekki hvað það merkir.

Á sama tíma

bls. 160

Eitthvað hefur farið úrskeiðis og Kalli fær það staðfest þegar þríeykið, Drífa, Ragnar og Sóldís koma til baka. Skepnurnar virðast ósigrandi og þeim tekst ekki að komast út þá leið sem þau ætluðu að fara.

Flóttinn

bls. 161

Nú kemur í ljós að Björg tilheyrir skuggafólkinu og er greinilega háttsett innan samfélagsins þar sem samferðafólk hennar gefa frá sér tungusmelli til að hylla hana.

Þegar Björg og skuggarnir hafa farið bíður Svandís eftir merki frá álfabörnunum um að óhætt sé að fara af stað. Að lokum byrja álfabörnin að syngja lagið hennar til merkis um að tíminn sé kominn. Krakkarnir leggja á flótta og láta álfabörnin hafa hrafnssteinana til að opna

fangaklefanu. Á flóttaleiðinni verða þau vör við hjörð skeljaskrímsla sem kemur á móti þeim og þau neyðast til að snúa við og leggja á flótta frá skrímslunum.

Til minnis: Í þessum kafla notar Svandís fjóra af töfrahlutunum úr álfheimum, silfurlykilinn, hrafnsteinana tvo, vasaklútinn og gullduftið.

Spurningar:

- a. Á hvaða hátt nýtist gullduftið við flótta krakkanna?
- b. Hvernig eru hljóðin í skeljaskrímslunum?

Svör:

- a. Fyrst notar Svandís gullduftið til að finna út hvaða op af þremur leiðir þau að réttu göngunum. Síðan nýtir hún það til að stækka útskot svo að þau geti falist.
- a. Fyrst eru hljóðin í skeljaskrímslunum eins og niður í fossi en síðan eru þau líkari einhverjum bjölluhljóðfærum sem klingja.

Skeljaskrímslin

bls. 166

Krakkarnir hlaupa til baka með skrímslahjörðina á hælunum. Þau mæta álfabörnunum sem flúðu úr dýflissunum. Álfastúlka stígur fram og segir Svandísi hvað hún eigi að gera. Það er hlutverk Svandísar að temja skeljaskrímslin með flautunni sinni.

Til minnis: Skeljaskrímslið er ljótasta og grimmilegasta dýr sem Svandís hefur nokkurn tíma sér. Bakið er alsett gráu, glansandi hreistri eða skeljum sem glampar á. Tennurnar eru flugbeittar og kjafturinn virðist risastór á óvenju stuttum hálsi sem kýtist saman við búkinn. Kryppa skagar upp og gerir það að verkum að höfuðið virðist neðarlega á dýrinu. Skepnan dregur á eftir sér eins konar gaddakúlu á halanum.

Spurningar:

- a. Hvað kallar svarthærða stúlkan til Svandísar á meðan hún glímir við skeljaskrímslið?
- b. Hvernig fer Svandís að því að temja skrímslið?

Svör:

- a. Svarthærða stúlkan kallar til Svandísar að fylla hjartað af kærleika.

b. Svandís temur skeljaskrímslið með því að spila á flautuna, fylla hjartað af kærleika og hugsa um skrímslið sem hund sem á að hlýða henni.

Út í frelsið

bls. 171

Svandís leiðir skeljaskrímslin að ánni þar sem þau steypa sér niður í vatnið og hverfa á braut. Forystuskrímslið hristir sig og skeljarnar spítast niður í steinanna við árbakkann. Svandís álitur þær vera gjöf til sín og tínir þær upp. Álfabörninn og Svandís komast út úr álfheimum en þar eru þau gripin af skuggafólkinu. Björg og Sveinn eru þar í forsvari. Svandísi tekst, með hjálp kattar, að losna frá skuggunum og hún hleypur að bátaskýlinu til Láru.

Til minnis: Svarthærða stúlkan heitir Hrafnklučka og hún er frænka Svandísar. Kalli ömmubróðir Svandísar er afi Hrafnklučku.

Spurningar:

- a. Af hverju haldið þið að Svandís hafi bæði verið mjög fegin þegar skrímslið fór en líka pínulítið leið.
- b. Hvernig komust Svandís og álfabörninn út úr álfheimum?

Svör:

- a. Svandís hefur líklegast verið fegin að komast heil frá baráttunni við skrímslið en henni fannst hún líka hafa verið að missa vin sem hún kynntist aldrei almennilega.
- b. Hópurinn klöngrast upp bratta til móts við árstrauminn. Útgönguleiðin er í gegnum vatnsflauminn og út í tunglskinsbjarta nóttina.

Með skuggana á hælunum

bls. 178

Svandís flýtir sér inn í bátaskýlið og finnur Láru sem hefur falið sig undir bátinum hans afa. Hrafnklučka eltir hana inn í bátaskýlið og þær átta sig á því að fyrst Hrafnklučka gat fylgt sporunum í snjónum þá geta skuggarnir það líka. Stelpurnar flýta sér út og sleppa með naumindum undan skuggunum með því að fara á bak nykranna sem synda með þær yfir vatnið. Skuggarnir kveikja í bátaskýlinu hans afa og það brennur til kaldra kola. Styrjöld er fram undan milli skugga og huldufólks og stelpurnar horfa á þegar fylkingarnar mætast. Þær hlaupa af stað þegar þær verða varar við að skuggafólkið er á hælum þeirra en Svandís hrasar og festir fótinn í snjónum og situr þar föst.

Til minnis: Litadýrð einkennir álfafylkinguna. Fremst fer Drífa álfadrottning ríðandi á hvítum hesti. Hún er í kóngabláum kufli og á höfði hennar er gullkóróna. Báðum megin við hana eru svartir hestar. Á öðrum situr Sóldís í hvítum kufli en á hinum Ragnar í marglitu fötunum sínum. Með þeim eru líka skepnur, skrítnar kýr, hundar og kettir. Nautgripirnir eru með stórar blöðrur á höfðinu og hundar og kettir eru stórir og grimmilegir.

Spurningar:

- a. Hver hjálpaði Svandísi og Hrafnkluðku að sleppa frá skuggunum?
- b. Hvernig komast stelpurnar yfir vatnið?

Svör:

- a. Köttur hjálpaði báðum stelpunum að sleppa og þær grunar að það sé Skemmukisi.
- b. Stelpurnar komast yfir vatnið með hjálp nykranna. Þeir sundríða með þær yfir vatnið og það er eins og þær séu í lifandi bátum.

Hulda er ofar bjargi

bls. 183

Svandís er föst í snjónum og skuggarnir eru alveg að ná stelpunum. Henni hugkvæmist að setja hrafnsteinana undir tunguna og þá skilur hún og talar fuglamál. Hún kallar á svanina, sem hún sá fyrr um nóttina við bátaskýlið, og þeir koma til bjargar og flæma skuggana burt. Hrafnkluðka biður Svandísi um silfurlykilinn og fer til að frelsa álfabörnin. Skuggarnir ná Hrafnkluðku en Svandís notar skeljarnar frá skeljaskrímslinu til að kalla þau til sín. Skuggi kveikir í Hrafnkluðku en skeljaskrímslið nær að bjarga henni með því að skella gaddakúlunni í sköflunginn á Skugga. Svandís og Lára sækja Hrafnkluðku og bera hana á milli sín.

Til minnis: Hrafnsteinar hafa tvenns konar notagildi. Annars vegar opna þeir lása og læstar dyr og hins vegar getur sá sem hefur hrafnstein undir tungunni skilið og talað fuglamál.

Spurningar:

- a. Af hverju heldur Skuggi að tími skuggafólksins sé runninn upp?
- b. Hvað merkir setningin, *hulda er ofar bjargi*?

Svör:

- a. Skuggi telur að hann hafi stjórn á aðstæðum þar sem hann hefur álfabörnin aftur á sínu valdi og flestar skepnur huldufólksins eru dauðar eftir átök við skepnur skugganna.
- b. Setningin, hulda er ofar bjargi, er einhvers konar slagorð sem merkir að huldufólk sé ofar skuggum eða eitthvað slíkt.

Bjargvættur

bls. 188

Bardaginn heldur áfram. Hrafnklukka rankar við sér og stelpurnar freista þess að bjarga álfabörnunum. Þær lenda í átökum við skuggana. Skemmukisi bjargar Láru en deyr af völdum hnífstungu frá einum skuggana. Eftir mikið blóðbað verða það skeljaskrímslin sem stöðva stríðið og hrekja skuggana á brott.

Til minnis: Drífa álfadrottning hneigir sig djúpt fyrir Svandísi og ávarpar hana. „Svananna dís, minn Dísar-Svanur. Þú hefur uppfyllt allar væntingar okkar og hefur á einni nóttu frelsað þjóð okkar, leyst börnin úr haldi og stöðvað blóðuga orrustu. Þú hefur sannreynt gömlu goðsögnina um stúlkuna sem birtist úr mannheimum, um Dísar-Svan sem bjargar huldufólkinu úr ánauð.”

Spurningar:

- a. Hver er bjargvætturinn?
- b. Af hverju fagnar huldufólkið og lítur á Svandísi sem frelsishetju?

Svör:

- a. Skemmukisi er bjargvætturinn sem bjargaði Láru. Hann var áður búinn að bjarga bæði Svandísi og Hrafnklukku frá skuggunum. Svandís er bjargvættur huldufólksins.
- b. Huldufólkið hefur fengið börn sín til baka úr áralangri fangelsisvist í dýflissunum og skuggafólkið er farið. Skuggi drottnar ekki lengur yfir álfheimum.

Traustir vinir

bls. 192

Eftir jólafrí hefst skólinn á ný. Björg skólastjóri er hætt en Ragnar tekur við sem skólastjóri. Á nýársdag kom Kalli til mannsheima og hitti systur sína, ömmu Svandísar. Henni varð hverft við að hitta bróður sinn sem hún taldi látinn en fyrirgaf honum eftir að hann sagði henni sögu

sína. Kalli og Söldís biðja afa og ömmu að leyfa Hrafnklukku að vera hjá þeim því þá hefur hún tækifæri að kynnast skyldfólki sínu og ganga í skóla með Svandísi, Brjáni og Sylvíu.

Til minnis: Amma situr á stólnum sínum og eins og svo oft áður er hún eins og drottning í ríki sínu þegar hún lyftir rósabollanum að vörum sér. Hún horfir á manninn sem birtist í eldhúsgættinni og henni bregður svo mjög að hún missir fallega bollann sem brotnar og kaffið sullast út um allt. Amma brestur í grát og æðir upp úr stólnum. Hún faðmar bróður sinn að sér sem hún þekkir greinilega þrátt fyrir áratuga aðskilnað. Hún sér strax í þessum gamla, hálfsköllotta og skeggjaða manni, bróðurinn sem fór frá henni ungur maður.

Spurningar:

- a. Hvenær er hægt að hitta á óskastund?
- b. Hvernig lýsir Svandís Hrafnklukku, frænku sinni?

Svör:

- a. Það er hægt að hitta á óskastund á nýársnótt.
- b. Svandísi finnst Hrafnklukka skemmtileg en samt einhvern veginn ólík öllum öðrum sem hún þekkir. Hún er hinn mesti hrekkjalómur, hugmyndarík, skapandi og hefur gaman af því að leika sér og að vera til.